

Jóla- og nýárskveðja frá Menntavísindasviði

S

enn líður að því að við kveðjum árið 2023 og heilsum nýju ári. Árið sem er að líða var viðburðaríkt og ef til vill táknrænt að það endi á fjórða eldgosinu á Suðurnesjum. Efst í huga mínum er þakklæti og stolt er litið er yfir árið og hið magnaða starf sem starfsfólk og nemendur Menntavísindasviðs koma að og snerta kennslu, rannsóknir, nýsköpun og þátttöku í fjölbreyttum samfélagsverkefnum. Starfið einkenndist af framsýni, hugmyndaauðgi og krafti þess góða hóps sérfræðinga og fagfólks sem starfar við Menntavísindasvið.

Eitt af því sem einkenndi árið á Menntavísindasviði er undirbúningur flutnings sviðsins í Sögu, mikilvægar umræður fóru fram innan deilda, í ýmsum starfshópum og nefndum og á sviðsþingum alls starfsfólks. Magnaður árangur náðist á sviði mennta- rannsókna og varð 26% fjölgun á rannsóknarstigum fræðafólks, ellefu doktorsnemar brautskráðust á árinu og deildir stóðu fyrir áframhaldandi sókn á sviði mikilvægra rannsókna sem snerta grunnstoðir samfélagsins; nám og kennslu, skóla- og frístundastarf, íþróttir, heilsu og velferð, uppeldi, menntun og jafnrétti.

Framundan á nýju ári er flutningur Menntavísindasviðs í Sögu sem mun setja svip sinn á starfsárið með tilheyrandi undirbúningi, skapandi úrlausnarefnum og umfangsmiklum breytingum fyrir okkur öll. Með því að stilla saman strengi og sameinast um grunnildi háskólans, sem eru akademískt frelsi, jafnrétti og fagmennska, þá er ég fullviss um að flutningurinn muni ganga vel og þessi merka bygging taki vel utan um það vandaða og fjölbreytta starf sem fram fer á sviðinu. Ég hlakka til að takast á við það verðuga verkefni ásamt starfsfólki sviðsins með dyggum stuðningi okkar mörgu samstarfsaðila. Ég óska ykkur notalegrar hátíðar, gæfu og gleði á nýju ári 2024!

Hátíðarkveðjur,

Kolbrún Þ. Pálsdóttir, forseti Menntavísindasviðs



Menntavísindasvið 2023 í tölum

2.734
NEMENDUR

77
VIÐBURÐIR

26%
HÆKKUN Á
RANNSÓKNARSTIGUM

868
BRAUTSKRÁÐIR MVS

338
BRAUTSKRÁÐIR
KENNARAR

11
DOKTORSVARNIR

Fréttir af Menntavísindasviði 2023



Elsa Eiríksdóttir

dósent við Menntavísindasvið HI

Menntakvika 2023

Hin árlega ráðstefna sviðsins, Menntakvika fór fram 28. - 29. september í 27. sinn. Opnunarmálstofan í ár var helguð tengslum menntastefnu og farsældar. Alls voru 225 erindi flutt í 56 málstofum á ráðstefnunni sem fram fór í Stakkahlíð og á Netinu.

[Sjá umfjöllun á Menntakvika.hi.is](#)



Læsi og lesskilningur

Steinunn Torfadóttir var heiðruð á ráðstefnu um læsi og lestrarkennslu snemma árs, ráðstefna haldin um læsi og lesskilning og þælt var í PISA eftir að niðurstöður PISA 2022 voru kynntar.

[Steinunn Torfadóttir heiðruð á ráðstefnu um læsi og lestrarkennslu](#)

[Hvernig ná öll börn árangri í lestrarnámi? Málþing](#)

[Rýnt dýpra í sláandi niðurstöður PISA 2022](#)

Nám og kennsla

Samstarf Menntavísindasviðs og HA, Fagháskólanám í leikskólafræði var sett á laggirnar í byrjun september. Kennarastofan, hlaðvarp um nám og kennslu hófst snemma árs, fræðakonur á sviðinu hófu Erasmus+ verkefni og gæði kennslu í nútíð og framtíð voru til umræðu á ráðstefnu seinni hluta árs. Sjá fréttir:

[Fagháskólanám í leikskólafræði - fyrir land allt](#)

[Kennarastofan.is - hlaðvarp um nám og kennslu](#)

[Haflæsi kennt í gegnum leiklist](#)

[Gæði kennslu í nútíð og framtíð: Helstu niðurstöður rannsóknar í norrænum kennslustofum](#)

Gróska í menntun og margbreytileika

Tæplega 900 sóttu ECDV ráðstefnu um heimilisofbeldi í september, David Reimer, prófessor í félagsfræði menntunar við Menntavísindasviðs og Félagsvísindasvið hlaut stóran styrk frá Evrópu til að auka jöfnuð í menntakerfinu, mikið aðsókn var í þroskaþjálfrafræði og félags-tilfinningahæfni í skólastarfi var rædd á málþingi.



Sjá fréttir:

[Risastyrkur til að auka jöfnuð í menntakerfinu](#)

[Tæplega 900 sóttu ECDV ráðstefnu um heimilisofbeldi](#)

[Fjölsótt málþing um félags- og tillifningahæfni í skólastarfi](#)

[Rannsakar leikreglur stefnumótaheims unga fólksins](#)

[Mikil aðsókn í nám í þroskaþjálfrafræði](#)

Fjölyngi

Fjölyngdar fjölskyldur og skólastarf og nýtt kennslufni í bígerð Sjá fréttir:

[Vel sótt ráðstefna um fjölyngdar fjölskyldur og skólastarf](#)

[Hlutu styrk til að útbúa nýtt kennslufni í íslensku fyrir fjölyngda grunnskólanema](#)



Bragðlaukaþjálfun, gæðaviðmið frístundaheimila og netsamskipti rannsókuð

Fjölbreyttar rannsóknir á sviði heilsuefingar, forvarna, tómstunda- og frístundastarfs eru gerðar á sviðinu. Hér eru fréttir um nokkrar rannsóknir. Sjá frétt:

[Rannsakar gæðaviðmið frístundaheimila](#)

[Vinnur gegn matvæðni leikskólabarna með bragðlaukaþjálfun](#)

[Hyggst bjóða upp á námskeið og ráðgjöf við matvæðni barna](#)

[Marktækt samband milli netsamskipta og þunglyndis- og kvíðaeinkenna hjá stúlkum](#)





Ný og öflug rannsóknarstofa í íþrótt- og heilsufræði var opnuð 31. október í Laugardal. Fjöldi hagaðila úr íþróttahreyfingunni, háskólasamfélaginu og mennta- og barnamálaráðuneyti var þar samankominn. Erlingur Jóhannesson, prófessor, starfar með stjórnvöldum að eflingu afreksíþróttar. Sjá fréttir:

[Ný rannsóknarstofa íþrótt- og heilsufræði opnuði](#)

[Frá Manchester City til Menntavísindasviðs](#)

[Mennta- og barnamálaráðherra heimsótti HÍ vegna samstarfs um eflingu afreksíþróttar](#)



Flutningur Menntavísindasviðs í Sögu

Strax á nýju ári hófust vinnusmiðjur sem miðuðu að hönnun Sögu. Í maí voru fyrstu sviðsmyndir að hönnun Sögu kynntar fyrir starfsfólki sviðsins og umræða tekin áfram á sviðsþingi 31. maí. Starfshópar flutnings MVS í Sögu unnu að úthlutun vinnurýma og útfærslu kennslurýma. Stúdentar og gestir háskólans fluttu inn í norðurenda byggingarinnar í apríl og eru framkvæmdir yfirstandandi á flestum hæðum hússins. Á sviðsþingi að hausti var sjónum beint að því hvers konar námssamfélag starfsfólk og nemendur hyggist skapa saman í Sögu. Umræða þingsins fól því m.a. í sér að ræða hvað starfsfólk og nemendur hyggjast taka með sér úr Stakkahlíð yfir í Sögu og hvað það ætlar að skilja eftir; hvort sem er áþreifanlega hluti sem og vinnulag eða venjur.

STEFNUMÓT VIÐ GERVIGREIND

🕒 16. október kl. 14 - 17

📍 Bratti á Menntavísindasviði og í streymi

Aðgangur ókeypis

HÍ

Nýmennt

Hin nýlega eining MVS stendur fyrir fjölbreyttum verkefnum. Þar á meðal nýsköpunar- og frumkvöðlamennt í grunn- og framhaldsskólum, eflingu STEAM greina á öllum skólastigum, starfsþróun kennara, stjórnenda og annars starfsfólks í skóla- og frístundastarfi, menntatækni og gervigreind í skólastarfi, kennsluþróun á MVS, nýsköpunar- og frumkvöðlastuðningi við kennara og nemendur HÍ auk þess sem þau standa fyrir fjölbreyttri flóru nýsköpunarviðburða, námskeiðum, málstofum og öðrum viðburðum.

[Lesu nánar á vef Nýmenntar](#)

Menntafléttan

Ný heimasíða Menntafléttu fór í loftið á árinu auk þess sem samstarfssamningur við mennta- barnamálaráðuneyti, Háskólan á Akureyri og Kennarasamband Íslands varðandi áframhaldandi flug Menntafléttu var undirritaður.

[Nýr vefur Menntafléttu](#)

[Menntafléttan - aðgengileg starfsþróun fyrir kennara](#)



Sjá fréttir

[Ný Saga - Staða framkvæmda og fréttar](#)

[Vinnusmiðjur og hönnun Sögu](#)

[Alltaf mikið nám farið fram í Sögu](#)

[Samstarf um Sögu og sviðsmyndir væntanlegar frá Veldhoen](#)

[Stefnt að flutningi í Sögu í ágúst 2024](#)

[Námssamfélag í Sögu - rætt á sviðsþingi](#)

Framúrskarandi lokaverkefni verðlaunuð og styrkir veittir til doktorsnema og rannsakenda í menntavísindum

[Framúrskarandi lokaverkefni verðlaunuð á Menntavísindasviði](#)

[Styrkir til doktorsnema og rannsakenda á Menntavísindasviði](#)

[Styrkir til doktorsnema á Menntavísindasviði](#)

[Styrkir til rannsókna á einelti, kynþáttahyggju og menningarfordómum](#)





Öflugt samstarf við ráðuneyti og hagaðila

Menntavísindasvið á í fjölbreyttu samstarfi við stjórnvöld auk fjölda annarra hagaðila og voru ýmis ný verkefni sett á laggirnar þetta árið.

Gerður var samstarfssamningur um þróun námskeiða um uppeldi barna, undirrituð samstarfsyfirlýsing við Hallormsstaðaskóla um háskólanám í skapandi sjálfbærni m.a. með tengingu við kennaranám í HÍ auk þess sem unnið er að auknu framboði háskólanáms fyrir fólk með þroskahömlun. Berglind Rós Magnúsdóttir, prófessor leiddi vinnu hóps félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins um heildarendurskoðun og stefnumótun á framhaldsfræðsluferfinu. Innan sviðsins er aflað mikilvægra upplýsinga um velferð og líðan barna og ungmenna með íslensku æskulýðsrannsókninni. Menntavísindasvið hefur átt í dýrmætu samstarfi við Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar undanfarin ár og hefur Mixtúra tækni- og sköpunarmiðja skapað fjölmörg ný tækifæri á sviði stafrænnar þróunar í kennslu. Að lokum má geta þess að Kolbrún. Þ Pálsdóttir, forseti Menntavísindasviðs var endurráðin til næstu fimm ára.

Sjá fréttir:

[Rannsóknir og úttektir vegna stefnumótun um framhaldsfræðslu](#)

[Unnið að auknu framboði háskólanáms fyrir fólk með þroskahömlun HÍ og Hallormsstaðaskóli hyggja á samstarf um háskólanám í skapandi sjálfbærni](#)

[Málstofa og leiðsögn um skólahúsið fagra við Stakkahlíð](#)

[Samstarf um þróun námskeiða um uppeldi barna](#)

[Íslenska æskulýðsrannsóknin](#)

[Kolbrún endurráðin forseti Menntavísindasviðs](#)

[Árangursríkt átak um fjölgun kennara](#)



Ellefu doktorsnemar brautskráðir 2023



Dr. Jóhann Örn Sigurjónsson.

Titill: Gæði kennslu í stærðfræði á Íslandi: Hugræn virkjun í kennslustundum í stærðfræði í norrænu samhengi. / Quality in Icelandic mathematics teaching: Cognitive activation in mathematics lessons in a Nordic context.

Dr. Ingólfur Gíslason.

Titill: Merkingarsköpun nemenda í stærðfræði í framhalds-skóla með kennara sem leggur áherslu á samræður og notkun tölvutækni. / Exploring students' mathematical meaning making in an upper secondary school classroom with a teacher emphasizing dialogues and the use of technology.



Dr. Sigríður Margrét Sigurðardóttir.

Titill: Menntaforysta á sveitarstjórnarstigi á Íslandi: Hvað mótar hana, hvað einkennir hana og hvaða gildi hún hefur fyrir skólastarf. / Educational leadership at the municipal level in Iceland: What shapes it, its characteristics and what it means for school practices.

Dr. Benjamin Aidoo.

Titill: Notkun upplýsingatæki í vandinámi í lífrænni efnafræði: Upplifun kennara og kennaranema í þremur háskólum í Ghana. / Integrating ICT into organic chemistry teaching and learning using a flipped classroom: The response of student-teachers in three colleges in Ghana.




Dr. Fríða Bjarney Jónsdóttir.

Titill: Að ljá röddum vængi: Leikskóli sem inngildandi námsrými til samskipta og skilnings. / Giving Wings to Voices: Preschool as an Inclusive Learning Space for Communication and Understanding.

Dr. Bergljót Þrastardóttir.

Titill: Kyngervi í grunnskólastarfi á Íslandi. / Making Sense of Gender in Compulsory School Practices in Iceland.



Dr. Björk Ólafsdóttir.

Titill: Uppruni, notkun og áhrif ytra mats á skólastarf grunnskóla á Íslandi. / The origin, use and perceived impact of the external evaluation of compulsory schools in Iceland.

Dr. Guðrún Björg Ragnarsdóttir.

Titill: Börn með námserfiðleika: Sjálfsmynd, líðan og skólareynsla þeirra. / Children with learning difficulties. Their self-concept, well-being, and perception of school.



Dr. Kolfinna Jóhannesdóttir.

Titill: Stefna um sjálfstæði skóla yfir þróun námskrár: Tilviksrannsókn í fjórum framhaldsskólum á Íslandi. / Policy on school autonomy over curriculum development: A case study of four upper secondary schools in Iceland.

Dr. Eva Harðardóttir.

Titill: Að finna sig heima í hnattvæddum heimi: Borgaravitund, inngilding og menningarlegur margbreytileiki í íslensku menntakerfi. / Becoming at home in a globalised world: Citizenship and inclusion in relation to cultural diversity within the context of Icelandic education.



Dr. Megumi Nishida.

Titill: Að verða blendingskennari í alþjóðlegu samhengi: Starfstengd sjálfsrýni til valdeflingar. / Becoming a hybrid educator within global context: Self-study for empowerment.

Myndir: Kristinn Ingvársson